

SKIPULAGS- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

# BEIÐNI FRÁ HÚSAVÍKURSTOFU



*Eftir athygli Eurovision kvikmyndarinnar og nú síðast Óskarstilnefninguna hvetur Húsavíkurstofa Skipulags- og framkvæmdarráð að skapa endurgerð af biðskýlinu sem var í kvikmyndinni og setja það á sama stað á höfninni.*

*Við höfum trú að leikmunur úr kvikmyndinni myndi verða vinsælt aðdráttarafll meðal ferðalanga. Eins og staðan er í dag er ekkert áþreifanlegt í bænum sem bendir ferðamönnum á að hér hafi verið tekin upp Netflix kvikmynd þar sem bærinn var í sviðsljósinu. Þó að það sé kostnaður sem fylgir smíði og uppsetningu biðskýlisins þá ætti viðhaldskostnaður að vera óverulegur. Við teljum að þetta sé markaðssetning sem myndi vekja lukku meðal ferðamanna og grípa athygli fjölmiðla. Birting væri að mestum hluta í höndum ferðamanna, sem taka ljósmyndir af biðskýlinu og birta á sínum miðlum. Þetta er eitt af þeim markaðstengdum aðgerðum sem við getum ýtt úr vör til að tryggja það að athygli á Húsavík verði langlífari en ella.*

*Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi hvað varðar útfærslu á biðskýlinu. Í biðskýlinu sjálfu væri hægt að hengja upp ljósmyndir af kvikmyndatökunum í október 2019, stillur úr kvikmyndinni sjálfri (háð leyfi Netflix) og texta um kvikmyndina. Ásamt að þjóna markaðslegum tilgangi getur leikmunurinn verið í hlutverki einskona minnisvarða um kvikmyndina. Biðskýlið þarf ekki vera jafnstórt og í kvikmyndinni heldur er mikilvægara að hönnunin og sniðið væri sambærilegt. Ef það er hagkvæmari kostur að hafa biðskýlið tímabundið, t.d. yfir sumarmánuðina, þá er það einnig möguleiki sem ætti að kanna.*

*Bæti hér við í lokin fréttagrein um umfjöllun um kvikmyndina frá þar sem birtingin var á við fimm milljarða samkvæmt skýrslu ráðgjafafyrirtækinu **Cohn & Wolfe**. Skýrslan var gefin út síðasta sumar áður en Óskarsævintýrið fór af stað. Þar er ítrekað að við þurfum að nýta þetta tækifæri, því að þessi ævintýranlega umfjöllun og kynning um allan heim er sannarlega dauðafæri.*

*Í von um jákvætt svar,  
Hinrik Wöhler f.h. Húsavíkurstofu.*

860-1088 | WWW.VISITHUSAVIK.IS  
INFO@VISITHUSAVIK.COM